HAFNARFJARÐARBÆR – STEFÁN EIRÍKUR STEFÁNSSON

HAMRAVELLIR - SÝANTAKA

MINNISBLAÐ 18.11.2026

HEIMILISFANG COWI Ísland ehf.
Urðahvarf 6
203 Kópavogur

SÍMI 422 3000
WWW cowi.com

1 Inngangur



Mynd 1 Leikskólin Hamravellir

Þann 9.11.2026 var Leikskólinn Hamravellir sýnatekinn til að meta ástand innivistar. Skoðun þessi var gerð að beiðni Stefán Stefánssonar. Í þessari skoðun var farið í allar deildir leikskólans og sýnatak framkvæmd.

Mælingarnar fóru fram með „Spin Air Basic loftsýnatæki“ í eigu Sýnis ehf sem dregur inn 200 lítra af lofti á 2 mínútum og er skál sem nefnist agar skál komið fyrir í tækinu áður en inndæling hefst. Þær agnir og örverur sem eru í lofti nærumhverfis setjast á agar skálina og eru þær síðan ræktaðar upp við 25°C í 120 klst.
Sýni ehf telur magn myglugróa í lofti í sýnunum og eru niðurstöður þeirrar hér á eftir.


VERKNR.	NÚMER SKJALS
A313667	A313667-HMO-Hamravellir sýnataka

ÚTGÁFA	ÚTGÁFUDAGUR	LÝSING	DRÖG	ATHUGAÐ	SAMÞYKKT
1	18.11.2026	Minnispunktar			

2 Sýnataka

Tekin voru fjögur loftsýni innandyra til að meta magn gróa í innilofti og til samanburðar var tekið eitt sýni úr útilofti fyrir utan húsið. Upplýsingar um staðsetningu sýna og magn gróa í hverju sýni má sjá hér:

1. Birkikot: Mygla 40 / m^3
2. Mosakot: Mygla 110 / m^3
3. Hraunkot: Mygla 10 / m^3
4. Hvannakot: Mygla 10 / m^3
5. ***Sýni tekið úti:*** ***Mygla 10 / m^3***



Ekki eru til skilgreind mörk fyrir magn myglugróa í rúmmetra (m^3) innilofts, en til hliðsjónar er gjarnan tekið sýni úr útilofti til viðmiðunar. Í útilofti á þessum tíma eru yfirleitt að mælast frekar lá gildi í útiloftinu (10 / m^3). Óopinbert viðmið er að magn < 60 / m^3 geti talist innan eðlilegra marka.

Niðurstöður á loftbornum gróum í andrúmslofti geta eingöngu gefið vísbendingar um ástand inniloftsins á þeim tíma sem sýnin voru tekin.

Við útimælingu var logn/þurrt og ca. 0 °C lofthiti.

3 Samantekt og tillögur til endurbóta

Ábendingar um fyrstu aðgerðir verður alltaf að taka sem tillögur að fyrstu skrefum, ef ástandið batnar ekki getur verið þörf fyrir frekari aðgerðir.

Gró voru að greinast yfir viðmiði á deildum Mosa- og Birkikoti. Þörf er á frekari skoðun á þessum rýmum/deildum til að kanna hvort leyndar rakaskemmdir séu til staðar.

Mikilvægt er að við alla vinnu og frárif á rakaskemmdum byggingarefnum sé undirþrýstingur settur á rýmið til að koma íveg fyrir að gró dreifi sér um byggingu, byggja plastlokanir inn í rýmum til að minnka umfang sérstaka þrifa eftir viðgerðir. Einnig skal huga að umgengni iðnaðarmanna og förgun rakaskemmdra byggingarefni. En fjarlægja skal byggingarefni styðstu leið út í lokuðum pokum.

Appendix A Grunnmynd – Staðsetning sýna

